



VIÐURKENNINGAR Á UPPSKERUHÁTÍÐ YNGRI FLOKKA

1. Viðurkenningar til iðkenda yngri flokka eru veittar á uppskeruhátíð yngri flokka sem haldin er að loknu sumarstarfinu.
2. Reglurnar taka mið af stefnumörkun KSÍ um að viðurkenningar til iðkenda undir 12 ára aldri séu ekki til einstaklinga.
3. Í 7. flokki karla og kvenna er afhent viðurkenningarskjal til allra í flokknum fyrir ástundun á æfingum og þátttöku í viðburðum flokksins.
4. Í 6. flokki karla og kvenna er afhent viðurkenningarskjal til allra í flokknum fyrir ástundun á æfingum og þátttöku í viðburðum flokksins.
5. Í 5. flokki karla og kvenna er veitt viðurkenning Leikmaður ársins, fyrir góða frammistöðu, til 3 iðkenda.
6. Í 4. flokki karla og kvenna eru veittar 3 viðurkenningar: Besti leikmaður, Efnilegasti Leikmaður og Mestu framfarir.
7. Í 3. flokki karla og kvenna eru veittar 3 viðurkenningar: Besti leikmaður, Efnilegasti Leikmaður og Mestu framfarir.
8. Þjálfarar viðkomandi flokka velja iðkendur 3. - 5. flokks sem hljóta viðurkenningar.
9. Félagið lætur útbúa bikara fyrir viðurkenningar í 3. - 5. flokki sem afhentir eru til eignar. Skrá skal veitingu viðurkenninga í fundargerðir félagsins.

Samþykkt á fundi stjórnar uppeldissviðs Knattspyrnufélags ÍA, 8.2.2017.

Láraus Ársælsson, formaður stjórnar uppeldissviðs KFÍA